

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. október 2013 R2013100013
T-ums 14/13

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um tekjuaðgerðir
fjárlagafrumvarps 2014 - 2. þingmál, þskj. 2**

Ríkisskattstjóri hefur þann 9. október 2013 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.


Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tekjuskatt nr. 90/2003, lögum um virðisaukaskatt nr. 50/1988, lögum um tryggingagjald nr. 113/1990, lögum um Ábyrgðasjóð launa nr. 88/2003, lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010 og lögum um fjársýsluskatt nr. 165/2011. Breytingarnar standa allar í tengslum við fjárlagafrumvarp fyrir árið 2014.


Ríkisskattstjóri lýsir yfir ánægju með að 100% endurgreiðsla á virðisaukaskatti til byggingar og endurbóta á íbúðar- og frístundahúsnæði sé framlengd til 1. janúar 2015 sbr. 7. gr. frumvarpsins. Er ekki vafi á að slíkt mun draga úr svartri vinnu og þar með undanskotum.

Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að þeir lögaðila sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir með skipun skilanevndar eða bráðabirgðastjórnar og þeir lögaðilar sem héraðsdómur hefur skipað slitastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki verði skattskyldir samkvæmt lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki. Vegna þessa bendir ríkisskattstjóri á að tilgreiningu á skattstofni til sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki er að finna í 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 155/2010. Sú fjárhæð sem þannig er talin fram á skattframtölum sem skilað er inn til ríkisskattstjóra myndi þannig verða lögð til grundvallar álagningu umrædds skatts burtséð frá því hvort að ágreiningur sé á milli viðkomandi lögaðila og kröfuhafa hans um fjárhæð krafna.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem frumvarpið leggur til þar sem þær eru af stjórn málaegum toga.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir